

Vegir liggja til allra átta!

Ísafold Helgadóttir
geðlæknir á Landspítala



Geðlækningar voru ekki beint það sem ég sá fyrir mér eftir útskrift úr MA. Ég komst inn í læknaeild Kaupmannahafnarháskóla og átti þar mjög lærdómsrík 6 ár. Áður en ég hélt utan starfaði ég á skurðeild kvennadeildar og varð algjörlega heilluð og harðákveðin í því að verða kvensjúkdómalæknir. Það voru því ákveðin vonbrigði þegar það steinleið yfir mig ítrekað og endurtekið í verknámi á skurðeildum, en í eitt sinn vaknaði ég við hlið sjúklingsins á vöknunardeild eftir aðgerðina! Að starfa undir heitu og sterku ljósi með maska var greinilega ekki fyrir mig eftir allt saman.

Eftir 4. og 5. ár fékk ég sumarstarf á bráðamóttöku geðsviðs á Landspítala. Starfið kom mjög ánægjulega á óvart og gekk þvert á þær hugmyndir sem ég hafði um fagið. Þessi reynsla kveikti neista sem fylgdi mér það sem eftir var í náminu og út kandidateitarsárið. Ég sá sjúklinga á öðrum deildum í nýju ljósi, og fannst þeir sjálfir og andlega hliðin í veikindum þeirra höfða meira til mín en líkamlegu veikindin.

Ég tók valmánuð á geðinu á kandidateitarsárinu og varð þá alveg viss um að geðlækningar væru málið. Á kandidateitarsárinu stóð ég á tímamótum í mínu lífi og gat ekki hugsað mér að fara strax aftur frá Íslandi eftir 6 ára aðskilnað frá mínum nánustu og sótti því um í sérnáminu hér heima. Námsstíminn var góður en þá voru um 10 manns í prógramminu, sem hefur eflst stöðugt síðan, en í dag eru um 20 manns að læra geðlækningar á Íslandi. Í sérná-

inu eignaðist ég dætur mínar tvær með stuttu millibili og tók því námið á 6 árum í stað 5. Á geðdeildunum kynntist ég yndislegu samstarfsfólki og eignaðist góðar fyrirmyndir í mörgum kollegum mínum. Vel menntað fólk með hugsjón og ástríðu fyrir því sem það gerir og hrífur mann með.

Virkilega gefandi vera geðlæknir

Þegar maður hefur mikinn áhuga á fólki og mannlegu eðli, er virkilega gefandi vera geðlæknir. Að skoða líðan, tilfinningar, hugsanir, skynjun, atferli, áföll og seiglu. Hvernig lífssaga hvers og eins mótast viðhorf og viðbrögð. Maður fyllist auðmýkt og þykir heiður að því að vera treyst fyrir djúpstæðum raunum, hugarflækjum og því mótlæti sem fólk gengur í gegnum. Meðferðarsambandið er það sem gefur mér mest og að verða vitni að bættri líðan, auknum rauntengslum og jafnvægi. Það er líka mikil áskorun þegar innsæisskortur fylgir veikindunum og fólk hafnar meðferð sem því er nauðsynleg.

Geðlækningar eru krefjandi fag sem reynir mikið á innsæi, samskipti, skilning og klíniska hugsun. Greining byggist á samtölum við sjúklinginn og geðskoðun yfir ákveðinn tíma, ásamt ítarlegum upplýsingum um sögu og bakgrunn. Einnig þarf að útiloka líkamlegar orsakir. Alvarlegir geðsjúkdómar geta haft í för með sér verulega skert lífsgæði, einangrun og að fólk flosni upp úr námi og starfi, þess vegna er brýnt að greina

og meðhöndla veikindin snemma og bæta þannig horfurnar. Ekki má gleyma því að lífsógnandi ástand getur skapast í alvarlegum geðsjúkdómum og meðferð því stundum lífsbjargandi.

Geðlæknum standa margir möguleikar opnir, meðal annars fjölbreyttur starfsvettvangur: Á sjúkrahúsum, heilsugæslu, í samfélagsteymum, á stofum, hjá einkafyrirtækjum, í dómskerfinu, svo dæmi séu nefnd. Sumir geðlæknar hitta ekki aðeins einstaklinga, heldur líka pör, fjölskyldur og leiða jafnvel hópmeðferðir. Þá er hægt að sérhæfa sig nánar í hinum ýmsu undirsérgreinum eins og öldrunargeðlækningum, réttargeðlækningum, barna- og unglingsgeðlækningum, fíknigeðlækningum og fleira. Geðlæknar vinna mjög oft í teyimum með öðrum fagstéttum, sem er gaman og gefur fleiri sjónarhorn á vandamálin og úrbæturnar. Engir tveir dagar eru eins í þessu starfi og maður er alltaf að sjá og læra eitthvað nýtt, bæði af skjólstæðingum og samstarfsfólki.

Framtíðin í geðlækningum er björt, en fagið er í stöðugri framþróun og það eru stundaðar vandaðar rannsóknir sem munu halda áfram að bæta við þekkingu okkar á heilanum, geðsjúkdómum og meðferðum.

Starf á geðdeild er góð og þroskandi reynsla sem nýtist læknum hvar sem er og get ég heilshugar mælt með því, enda var það þannig sem ég sá ljósið og fann mína sérgrein.